

Hverfisráð Hríseyjar

134. fundur

Sunnudaginn, 29. mars 2020, kl 14:00 var haldinn 134. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mætt voru: Hermann Jón Erlingsson, Ingólfur Sigfússon og Claudia Werdecker

Dagskrá:

1. Framkvæmdafé 2020

Fjarfundur um framkvæmdafé 2020, sem verður mánudag 30. mars 2020, undirbúinn. Farið var yfir hugmyndir varðandi ráðstöfun framkvæmdafjár, og rætt á hvað mætti leggja áherslu. Hverfisráð var sammála um að mikilvægt sé að tryggja að verkefni sem voru byrjuð í fyrra yrði kláruð. Hverfisráð vill ráðstafa framkvæmdafé 2020 til að fegra aðkomu að eyjunni (bryggjussvæðið og svæðið í kringum Salthúsið) ásamt hátíðarsvæðinu og hefja vinnu skv. deiliskipulagi fyrir Hrísey "Hafnar- og miðsvæði" sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar þann 6. júlí 2017. Einnig vill hverfisráð ráðstafa hluta af framkvæmdafé í merkingar innan eyjarinnar og fá að halda eftir hluta til að styrkja heimamenn til að vinna að smærri verkefnum sem snúa t.d. að fegrun umhverfis og sérstöðu eyjarinnar.

2. Vinnuskóli

Hverfisráð óskar eftir að vinnuskóli standi börnum í Hrísey til boða, líkt og er á Akureyri. Telur hverfisráð að þannig væri hægt að efla enn frekar tengingu barna við umhverfið sem og samfélagið í eyjunni. Óskað er eftir svari sem allra fyrst, svo það sé nægilegur fyrirvari til að skipuleggja verkefnið.

3. Önnur mál

a. Cittaslow

Formaður upplýsti hverfisráð um símafund með sveitarstjóra Djúpavogshrepps varðandi inngönguferlið að Cittaslow samtökunum. Hverfisráð óskar eftir fundi með bæjarstjóra til að ræða næstu skref verkefnisins.

b. Brothættar Byggðir

Hverfisráð ítrekar ósk sína um fund með með fráfarandi verkefnastjórn varðandi framhaldið á byggðaþróunarverkefni Brothættar Byggðir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 15:40.

Claudia Werdecker
Hermann Jón Erlingsson
Ingólfur Sigfússon

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker